

**427. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga 23. apríl 2018, kl. 13:00 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.**

*Þessir sátu fundinn:*

Rebekka Hilmarsdóttir formaður, Arnar Freyr Einarsson ANR, Arnar Árnason formaður LK, Gunnar Þorgeirsson, formaður SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eypórsson, frkvstj. BÍ,

Þetta var tekið fyrir á fundinum samkvæmt dagskrá:

1. Formaður lagði fram fundaráætlun fyrir árið 2018. Áætlunin var staðfest og formanni falið að senda fundarboð á nefndarmenn.
2. Tekið var fyrir erindi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði dags. 27. febrúar 2018 um ráðstöfun umframmjólkur ársins 2017. Óskað var eftir heimild nefndarinnar til fyrir aðildarfélag SAM að flytja út mjólkurafurðir á árinu 2018 sem samsvarar þeim 6.576.815 lítrum af mjólk, á fitugrunni, sem óráðstafað var af umframmjólk 2017. Ráðstöfun þessi var staðfest.
3. Tekin voru fyrir drög að samkomulagi um ráðstöfun eftirstöðva lífræns stuðnings 2017. Eftirstöðvar greiðslu til lífræns stuðnings 2017 eru kr. 31.782.159. Formaður rakti að gera þyrfti smávægilegar breytingar á ákvæðum samkomulagsins um greiðslutilhögun og gildistíma vegna ábendinga frá skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Aðrar athugasemdir voru ekki gerðar við drögin og var BÍ og ANR falið að ganga til samningaviðræðna við VOR þegar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á drögunum.
4. Rætt var um lífrænan stuðning 2018 og hvort ákvæði reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað þyrfti að endurskoða með einhverjum hætti. Rætt var um framkvæmd við vottun í lífrænni ræktun. Ákveðið að taka málið til umræðu síðar en umsóknarfrestur til lífræns stuðnings er til 15. maí nk.
5. Fulltrúar bænda fóru yfir framkvæmd við innlausn á greiðslumarki í mjólk og þau sýndarviðskipti með jarðir sem stunduð hafa verið til að ná greiðslumarki mjólkur framhjá innlausnarmarkaði. Formaður LK greindi frá ályktun aðalfundar LK að tryggja þurfi að öll viðskipti með greiðslumark milli lögbýla fari fram í gegnum innlausnarmarkað. Fulltrúum bænda falið að móta tillögur að breytingum hvernig unnt sé að tryggja að öll viðskiptin fari fram á innlausnarmarkaði.
6. Farið var yfir upplýsingar frá Búnaðarstofu um styrkhlutfall vegna fjárfestingastuðnings í nautgriparækt 2018 en styrkhlutfallið nemur á þessu ári 3% af stofnkostnaði. Búnaðarstofu ber að svara umsóknum fyrir 15. maí nk. LK falið að skoða málið og koma með tillögu til nefndarinnar hvort beita skuli heimild nefndarinnar um tilfærslu milli liða skv. grein 10.1 samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar.

7. Formaður SG óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað vegna hlutfalls af niðurgreiðslu á raforku: Samband garðyrkjubænda beinir því til framkvæmdanefndar búvörusamninga að bregðast þurfi þegar við þeirri stöðu sem upp er komin varðandi lækkandi hlutfall endurgreiðslu á flutnings- og dreifingakostnaði raforku til garðyrkjubænda. Ljóst er að núverandi staða er langt frá þeim markmiðum sem sett voru í búvörusamningum. Grípa þarf strax inn í þá stöðu en einnig þarf að leysa málið til lengri tíma litið við endurskoðun búvörusamninga 2019. Formaður upplýsti nefndina að hlutfallið væri til skoðunar hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.
8. Önnur mál:

Rætt var um grein 3.3. í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar vegna innlausnar ríkisins þar sem engin framleiðsla fer fram.

Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu upplýsti nefndina um uppgjör í sauðfjárrækt. Því hefði lokið í síðustu viku og MAST hefði verið í samvinnu við skattayfirvöld um leiðréttingu á landbúnaðarframtölum vegna þeirra tafa sem urðu á uppgjörinu fyrir 2017.

Fleira ekki bókað.  
Fundi slitið 14:20